- Ein hringferð á dag milli Glasgow og Tiree, aðra daga en sunnudaga.
- Ein hringferð á dag milli Glasgow og Barra, aðra daga en sunnudaga.

*Sætaframboð*

- Á leiðinni Glasgow–Campbeltown skal nota loftför sem geta borið að minnsta kosti 14 farþega frá Glasgow til Campbeltown og 16 farþega frá Campbeltown til Glasgow.
- Á leiðinni Glasgow–Tiree skal nota loftför sem geta borið að minnsta kosti 14 farþega frá Glasgow til Tiree og 16 farþega frá Tiree til Glasgow.
- Á leiðinni Glasgow–Barra skal nota loftför sem geta borið að minnsta kosti 13 farþega frá Glasgow til Barra og 15 farþega frá Barra til Glasgow.

(Núverandi sérleyfishafi nýtir sem stendur eitt sæti til póstflutninga í öllum ferðum frá Glasgow til Tiree. Sú tilhögun ræðst þó af sérstökum samningum.)

*Gerð loftfars*

- Í ferðum til Barra skal nota flugvélar sem unnt er að lenda á flugbrautinni í Barra sem liggur á Traigh Mhor ströndinni.

*Fargjöld*

- Fargjald aðra leið milli Glasgow og Campbeltown má ekki vera hærra en GBP 50 (að meðtöldu þjónustugjaldi og öryggisgjaldi en að frátöldum flugvallarskatti).
- Fargjald aðra leið milli Glasgow og Tiree má ekki vera hærra en GBP 62 (að meðtöldu þjónustugjaldi og öryggisgjaldi en að frátöldum flugvallarskatti).
- Fargjald aðra leið milli Glasgow og Barra má ekki vera hærra en GBP 71 (að meðtöldu þjónustugjaldi og öryggisgjaldi en að frátöldum flugvallarskatti).

Heimilt er að hækka hámarksfargjald á hverri leið einu sinni á ári, að fengnu samþykki Scottish Ministers, samkvæmt vísitölunni United Kingdom Retail Price Index (allir liðir) eða hverri þeirri vísitölu sem kann að taka hennar stað.

Engar aðrar breytingar má gera á fargjöldum nema að fengnu samþykki Scottish Ministers.

Breytt hámarksfargjald á hverri leið skal tilkynnt flugmálastjórn og öðlast ekki gildi fyrr en það hefur verið tilkynnt framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, en hún getur síðan birt það í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(1)</sup> Flugvöllurinn í Glasgow er Glasgow International Airport.

**Orðsending frá framkvæmdastjórninni í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. 2008/EES/57/21  
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

**Breytingar breskra stjórnvalda á almannapjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í  
tengslum við áætlunarflug milli Benbecula og Barra**

Stjórnvöld í Bretlandi hafa ákveðið breytingar á almannapjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug milli Benbecula og Barra og birtar voru með tilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 53, 4.3.1995, sbr. breytingar sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 143, 8.5.1998, bls. 19, C 154, 29.5.2001, bls. 4, og C 310, 13.12.2002, bls. 21, sbr. enn frekari breytingar sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 295, 5.12.2003, bls. 12 og C 285, 17.11.2005, bls. 14, í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4 gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.

Almannapjónustukvaðir vegna leiðarinnar Benbecula–Barra breytast sem hér segir:

*Lágmarksfjöldi ferða*

- Ein hringferð á dag milli Benbecula og Barra, aðra daga en laugardaga og sunnudaga.

*Sætaframboð*

- Sætaframboð hvora leið skal vera a.m.k. 8 sæti.

*Gerð loftfars*

- Nota skal flugvélar sem unnt er að lenda á flugbrautinni í Barra sem liggur á Traigh Mhor strönd.

*Fargjöld*

- Fargjald aðra leið má ekki vera hærra en GBP 35 (að meðtöldum flugvallarskatti og öryggisgjaldi).

Heimilt er að hækka hámarksfargjald á leiðinni einu sinni á ári, að fengnu samþykki Comhairle nan Eilean Siar (skoska vestureyjaráðsins), samkvæmt vísitölunni United Kingdom Retail Price Index (allir liðir) eða annarri vísitölu sem kemur í hennar stað.

Engar aðrar breytingar má gera á fargjöldum nema að fengnu samþykki Comhairle nan Eilean Siar.

Hið nýja hámarksfargjald á leiðinni skal tilkynnt flugmálastjórn (Civil Aviation Authority) og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, en hún getur síðan birt það í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

**Orðsending frá framkvæmdastjórninni í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. 2008/EES/57/22  
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

**Breytingar breskra stjórnvalda á almannapjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í  
tengslum við áætlunarflug milli Stornoway og Benbecula**

Stjórnvöld í Bretlandi hafa ákveðið breytingar á almannapjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug milli Stornoway og Benbecula og birtar voru með tilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 53, 4.3.1995, sbr. breytingar sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 143, 8.5.1998, bls. 19, C 154, 29.5.2001, bls. 3, og C 310, 13.12.2002, bls. 20, sbr. enn frekari breytingar sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 285, 17.11.2005, bls. 13, í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4 gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.

Almannapjónustukvaðir vegna leiðarinnar Stornoway–Benbecula breytast sem hér segir:

*Lágmarksfjöldi ferða*

- Tvær hringferðir á dag milli Stornoway og Benbecula nema laugardaga og sunnudaga.

*Sætaframboð*

- Sætaframboð hvora leið skal vera a.m.k. 18 sæti.

*Fargjöld*

- Fargjald aðra leið má ekki vera hærra en GBP 71 (að meðtöldum flugvallarskatti og öryggisgjaldi).

Heimilt er að hækka hámarksfargjald á leiðinni einu sinni á ári, að fengnu samþykki Comhairle nan Eilean Siar (skoska vestureyjaráðsins), samkvæmt vísitölunni United Kingdom Retail Price Index (allir liðir) eða annarri vísitölu sem kemur í hennar stað.

Engar aðrar breytingar má gera á fargjöldum nema að fengnu samþykki Comhairle nan Eilean Siar.

Hið nýja hámarksfargjald á leiðinni skal tilkynnt flugmálastjórn (Civil Aviation Authority) og öðlast ekki gildi fyrir en það hefur verið tilkynnt framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, en hún getur síðan birt það í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.



**Almannaþjónustukvaðir****2008/EES/57/23**

Stjórnvöld á Álandseyjum hafa ákveðið að endurnýja ákvæði um almannaþjónustukvaðir sem lagðar hafa verið á í samræmi við staflið a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (Stjtið. ESB C 93, 21.4.2006, bls. 4) í tengslum við áætlunarflug milli Mariehamn/Álandi (MHQ) og Stokkhólms/Arlanda (ARN).

Hinar endurnýjuðu almannaþjónustukvaðir fela í sér breytingar samkvæmt neðangreindu og gilda þær frá 1. mars 2009.

Að öllu öðru leyti gilda ákvæði almannaþjónustukvaðanna eins og þær birtust 21. apríl 2006.

**BREYTING****Ákvæði um ferðafjölda**

Frá 1. mars 2009 til 29. febrúar 2012 skulu farnar að minnsta kosti 2 hringferðir á dag frá mánudegi til föstudags. Engar ferðir verða farnar í þeim vikum sem falla að öllu leyti í júlímánuði.

**Áætlun**

Lent skal á ARN eigi síðar en kl. 7.00 mánudaga til föstudaga.

**Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflið a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92****2008/EES/57/24****Ákvörðun stjórnvalda á Ítalíu um breytingar á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á eftirtöldum leiðum: Trapani–Róm, báðar leiðir, Trapani–Cagliari, báðar leiðir, Trapani–Bari, báðar leiðir, og Trapani–Meilansborg, báðar leiðir**

Stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið breytingar á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á eftirtöldum leiðum á grundvelli stafliðar a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92: Trapani–Róm, báðar leiðir, Trapani–Cagliari, báðar leiðir, Trapani–Bari, báðar leiðir, og Trapani–Meilansborg, báðar leiðir, sjá Stjtið. ESB C 150, 28.6.2006, Stjtið. ESB C 141, 26.6.2007 og Stjtið. ESB C 121, 17.5.2008.

Almannaþjónustukvaðir sem hvílt hafa á leiðinni Trapani–Cagliari, báðar leiðir falla úr gildi og 1. liður tilkynningarinnar, sem birtist í Stjtið. ESB C 150, 28.6.2006, breytist sem hér segir:

**Flugleiðir:**

Trapani–Róm, báðar leiðir

Trapani–Bari, báðar leiðir

Trapani–Meilansborg, báðar leiðir

Að því er varðar Róm og Meilansborg er átt við flugvöllina Rome Fiumicino (Róm) og Milano Linate (Meilansborg).

**Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92** 2008/EES/57/25

**Ákvörðun stjórnvalda á Ítalíu um breytingar á almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á leiðinni Crotone–Róm–Meilansborg**

Stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið, í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að breyta almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á leiðinni Crotone–Róm–Meilansborg, sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 225, 14.9.2005, sbr. breytingar sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 141, 26.6.2007, og *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 121, 17.5.2008.

Fargjöld breytast sem hér segir í samræmi við staflíð c) í lið 2.5 í almannajónustukvöðunum:

Flugleið	Nýtt fargjald (án VSK)
Crotone–Róm, aðra leið	EUR 74,77
Crotone–Meilansborg, aðra leið	EUR 106,49

Önnur ákvæði almannajónustukvaðanna, sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 225, 14.9.2005, haldast óbreytt.

**Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92** 2008/EES/57/26

**Ákvörðun stjórnvalda á Ítalíu um breytingar á almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á eftirtöldum leiðum: Pantelleria–Palermo, Lampedusa–Palermo, Lampedusa–Catania, Lampedusa–Róm og Pantelleria–Róm**

Stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið, í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að breyta almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á eftirtöldum leiðum: Pantelleria–Palermo, Lampedusa–Palermo, Lampedusa–Catania, Lampedusa–Róm og Pantelleria–Róm, sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 305, 14.12.2006, sbr. breytingar sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 141, 26.6.2007, og *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 121, 17.5.2008.

Fargjöld breytast sem hér segir í samræmi við staflíð c) í lið 2.4 í almannajónustukvöðunum:

Flugleið	Nýtt fargjald (án VSK)
Pantelleria–Palermo, aðra leið	EUR 30,90
Lampedusa–Palermo, aðra leið	EUR 33,03
Lampedusa–Catania, aðra leið	EUR 33,03
Lampedusa–Róm, aðra leið	EUR 63,94
Pantelleria–Róm, aðra leið	EUR 63,94

Önnur ákvæði almannajónustukvaðanna, sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 305, 14.12.2006, haldast óbreytt.

**Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92** **2008/EES/57/27**

**Ákvörðun stjórnvalda á Ítalíu um breytingar á almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á leiðinni Pantelleria–Trapani**

Stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið, í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að breyta almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á leiðinni Pantelleria–Trapani og birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 112, 12.5.2006, sbr. breytingar sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 141, 26.6.2007.

Fargjöld breytast sem hér segir í samræmi við staflíði b) og c) í lið 2.4 í almannajónustukvöðunum:

Flugleið	Nýtt fargjald (án VSK)
Pantelleria–Trapani, aðra leið	EUR 26,00

Önnur ákvæði almannajónustukvaðanna, sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 112, 12.5.2006, haldast óbreytt.

**Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92** **2008/EES/57/28**

**Ákvörðun stjórnvalda á Ítalíu um breytingar á almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á eftirtöldum leiðum: Alghero–Bologna, Alghero–Torino, Cagliari–Bologna, Cagliari–Torino, Cagliari–Florence, Cagliari–Verona, Cagliari–Napolí, Cagliari–Palermo, Olbia–Bologna og Olbia–Verona**

Stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið, í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að breyta almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á eftirtöldum leiðum: Alghero–Bologna, Alghero–Torino, Cagliari–Bologna, Cagliari–Torino, Cagliari–Florence, Cagliari–Verona, Cagliari–Napolí, Cagliari–Palermo, Olbia–Bologna og Olbia–Verona, sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 93, 21.4.2006, sbr. breytingar sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 141, 26.6.2007, og *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 121, 17.5.2008.

Fargjöld breytast sem hér segir í samræmi við lið 4.6 í almannajónustukvöðunum:

Flugleið	Hámarksfargjald með afslætti (með VSK)	Hámarksfargjald án afsláttar (með VSK)
Alghero–Bologna, aðra leið	EUR 61	EUR 108
Alghero–Torino, aðra leið	EUR 61	EUR 108
Cagliari–Bologna, aðra leið	EUR 61	EUR 108
Cagliari–Torino, aðra leið	EUR 61	EUR 108
Cagliari–Florence, aðra leið	EUR 61	EUR 108
Cagliari–Verona, aðra leið	EUR 61	EUR 108
Cagliari–Napolí, aðra leið	EUR 61	EUR 108
Cagliari–Palermo, aðra leið	EUR 61	EUR 108
Olbia–Bologna, aðra leið	EUR 61	EUR 108
Olbia–Verona, aðra leið	EUR 61	EUR 108

Önnur ákvæði almannajónustukvaðanna, sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 93, 21.4.2006, haldast óbreytt.

**Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92** 2008/EES/57/29

**Ákvörðun stjórnvalda á Ítalíu um breytingar á almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á eftirtöldum leiðum: Trapani–Róm, Trapani–Meilansborg, Trapani–Bari og Trapani–Cagliari**

Stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið, í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að breyta almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á eftirtöldum leiðum: Trapani–Róm, Trapani–Meilansborg, Trapani–Bari og Trapani–Cagliari, sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 150, 28.6.2006, sbr. breytingar sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 141, 26.6.2007, og *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 121, 17.5.2008.

Fargjöld breytast sem hér segir í samræmi við staflíð c) í lið 2.4 í almannajónustukvöðunum:

Flugleið	Nýtt fargjald (án VSK)
Trapani–Róm, aðra leið	EUR 67,14
Trapani–Meilansborg, aðra leið	EUR 83,92
Trapani–Bari, aðra leið	EUR 55,95
Trapani–Cagliari, aðra leið	EUR 67,14

Önnur ákvæði almannajónustukvaðanna, sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 150, 28.6.2006, haldast óbreytt.

**Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92** 2008/EES/57/30

**Ákvörðun stjórnvalda á Ítalíu um breytingar á almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á eftirtöldum leiðum: Alghero–Róm, Alghero–Meilansborg, Cagliari–Róm, Cagliari–Meilansborg, Olbia–Róm og Olbia–Meilansborg**

Stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið, í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að breyta almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á eftirtöldum leiðum: Alghero–Róm, Alghero–Meilansborg, Cagliari–Róm, Cagliari–Meilansborg, Olbia–Róm og Olbia–Meilansborg, sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 72, 24.3.2006, sbr. breytingar sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 141, 26.6.2007, *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 195, 23.8.2007, og *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 121, 17.5.2008.

Fargjöld breytast sem hér segir í samræmi við lið 4.6 í almannajónustukvöðunum:

Flugleið	Hámarksfargjald með afslætti (með VSK)	Hámarksfargjald án afsláttar (með VSK)
Alghero–Róm, aðra leið	EUR 50	EUR 112
Alghero–Meilansborg, aðra leið	EUR 61	EUR 128
Cagliari–Róm, aðra leið	EUR 50	EUR 112
Cagliari–Meilansborg, aðra leið	EUR 61	EUR 128
Olbia–Róm, aðra leið	EUR 50	EUR 112
Olbia–Meilansborg, aðra leið	EUR 61	EUR 128

Önnur ákvæði almannajónustukvaðanna, sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 72, 24.3.2006, haldast óbreytt.

**Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92** 2008/EES/57/31

**Almannajónustukvaðir sem stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið að leggja á í tengslum við áætlunarflug á leiðunum Alghero–Róm Fiumicino, báðar leiðir, Alghero–Meilansborg Linate, báðar leiðir, Cagliari–Róm Fiumicino, báðar leiðir, Cagliari–Meilansborg Linate, báðar leiðir, Olbia–Róm Fiumicino, báðar leiðir og Olbia–Meilansborg Linate, báðar leiðir**

Stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið að leggja á almannajónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug á tilteknum leiðum milli flugvalla á Sardiníu og helstu flugvalla í landinu á grundvelli staflíðar a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, og í samræmi við tillögur yfirvalda í sjálfstjórnarhéraðinu Sardiníu.

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 232, 10.9.2008](#), bls. 7.

**Tilkynning frá stjórnvöldum í Ungverjalandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni <sup>(1)</sup>** 2008/EES/57/32

Náma- og jarðfræðiskrifstofa Ungverjalands hefur auglýst útboð í samræmi við liði 26/A(6)–(7) í lögum nr. XLVIII frá 1993 um námavinnslu (*a bányászatról szóló 1993. évi XLVIII. törvény*) og lið 12/B(2) í stjórnarreglugerð 203/1998 (XII. 19.) um framkvæmd laganna (*a bányászati törvény végrehajtásáról szóló 203/1998. (XII. 19.) Korm. rendelet*) á afturkölluðum námavinnsluréttindum sem um getur í 2. lið útboðslýsingarinnar, sjá [Stjtið. ESB C 232, 10.9.2008](#), bls. 32.

Umsóknir um réttindi til kolvetnisvinnslu skulu sendar póstleiðis forsætisskrifstofu Náma- og jarðfræðiskrifstofu Ungverjalands (H-1145 Budapest, Columbus u. 17-23.) í þríriti eigi síðar en 90 dögum eftir að útboðsauglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

**Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 2008/EES/57/33  
3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og  
notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (leitarsvæði E9)**

Efnahagsráðherra gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæði E9, sbr. kortið sem birt er í 3. viðauka við námareglugerð („Mijnbouwregeling“) (sjá *Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002).

Með tilvísun til ofangreindrar tilskipunar og 15. gr. námálaga („Mijnbouwwet“) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002) auglýsir efnahagsráðherra eftir samkeppnisumsóknum áhugaaðila um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæði E9 á hollenska landgrunninu.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahagsráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá *Staatsblad* nr. 542, 2002).

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (10. september 2008) og ber að senda þær efnahagsráðherra:

De Minister van Economische Zaken  
ter attentie van J.C. De Groot, directeur Energiemarkt  
ALP A/562  
Bezuidenhoutseweg 30  
Postbus 20101  
2500 EC Den Haag  
Nederland

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar veitir hr. E.J. Hoppel í síma (31-70) 379 77 62.

**Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 2008/EES/57/34  
3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og  
notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (leitarsvæði E11)**

Efnahagsráðherra gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæði E11 sbr. kortið sem birt er í 3. viðauka við námareglugerð („Mijnbouwregeling“) (sjá *Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002).

Með tilvísun til ofangreindrar tilskipunar og 15. gr. námálaga („Mijnbouwwet“) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002) auglýsir efnahagsráðherra eftir samkeppnisumsóknum áhugaaðila um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæði E11 á hollenska landgrunninu.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahagsráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá *Staatsblad* nr. 542, 2002).

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (10. september 2008) og ber að senda þær efnahagsráðherra:

De Minister van Economische Zaken  
ter attentie van J.C. De Groot, directeur Energiemarkt  
ALP A/562  
Bezuidenhoutseweg 30  
Postbus 20101  
2500 EC Den Haag  
Nederland

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar fást í síma (31-70) 379 77 62 (tengiliður: E.J. Hoppel).

**Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 2008/EES/57/35  
3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og  
notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (leitarsvæði E12)**

Efnahagsráðherra gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæði E12 sbr. kortið sem birt er í 3. viðauka við námareglugerð („Mijnbouwregeling“) (sjá *Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002).

Með tilvísun til ofangreindrar tilskipunar og 15. gr. námálaga („Mijnbouwwet“) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002) auglýsir efnahagsráðherra eftir samkeppnisumsóknum áhugaaðila um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæði E12 á hollenska landgrunninu.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahagsráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá *Staatsblad* nr. 542, 2002).

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (10. september 2008) og ber að senda þær efnahagsráðherra:

De Minister van Economische Zaken  
ter attentie van J.C. De Groot, directeur Energiemarkt  
ALP A/562  
Bezuidenhoutseweg 30  
Postbus 20101  
2500 EC Den Haag  
Nederland

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar fást í síma (31-70) 379 77 62 (tengiliður: E.J. Hoppel).



**Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 2008/EES/57/36  
3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og  
notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni  
(leitarsvæði K3)**

Efnahagsráðherra gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisleitar á hluta leitarsvæðis K3 sbr. kortið sem birt er í 3. viðauka við námareglugerð („Mijnbouwregeling“) (sjá *Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002). Svæðið, sem hér um ræðir, nefnist leitarsvæðisskiki K3e.

Hnit hornpunkta, ásamt ítarlegri lýsingu á leyfinu, birtust í [Stjtið. ESB C 232, 10.9.2008](#), bls. 37.

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (10. september 2008) og ber að senda þær efnahagsráðherra:

De Minister van Economische Zaken  
ter attentie van J.C. De Groot, directeur Energiemarkt  
ALP A/562  
Bezuidenhoutseweg 30  
Postbus 20101  
2500 EC Den Haag  
Nederland

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar fást í síma (31-70) 379 77 62 (tengiliður: E.J. Hoppel).

**MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf****2008/EES/57/37****Auglýsing eftir tillögum – EACEA/23/08****Stuðningur við tengslamyndun kvikmyndahúsa sem sýna evrópskar myndir****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007).

Eitt af markmiðum áætlunarinnar er að stuðla að sýningum í Evrópu á kvikmyndum frá öðrum Evrópulöndum, einkum með því að styðja uppbyggingu kvikmyndahúsanets.

**2. Hlutgengir umsækjendur**

Auglýsingu þessari er beint til kvikmyndahúsa í Evrópu sem myndað hafa samstarfsnet og stuðla með starfsemi sinni að ofangreindum markmiðum MEDIA-áætlunarinnar eins og þeim er lýst í ákvörðun ráðsins.

Umsækjendur verða að koma frá einu eftirtalinna ríkja:

- einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- einu EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES, Sviss eða Króatíu.

**3. Styrkhæf starfsemi**

Styrkhæfar eru eftirtaldar aðgerðir, og starfsemi sem tengist þeim, sem framkvæmdar eru í löndunum sem eiga aðild að MEDIA-áætluninni:

- Aðgerðir sem miðast að kynningu og sýningum á evrópskum kvikmyndum
- Fræðslustarf sem miðast að aukinni þekkingu meðal ungra kvikmyndahúsagesta
- Starfsemi sem miðast að því að stuðla að upptöku stafrænnar sýningartækni í kvikmyndahúsi og fylgja henni eftir
- starf sem stuðlar að tengslamyndun: upplýsingar, fundarstjórn og samskipti

**4. Viðmið sem ráða úthlutun**

Gefin verða allt að 100 stig á grundvelli eftirtalinna viðmiða sem hafa mismunandi vægi:

- Tengslanetið (20 stig)
- Áætlun um dreifingu styrkja og eftirlit með þeim (20 stig)
- Hagkvæmni (20 stig)
- Sameiginlegar aðgerðir (20 stig)
- Ungir áhorfendur (10 stig)
- Stafræn sýningartækni (10 stig)

**5. Fjárveiting**

Gert er ráð fyrir samstarfssamningi til fjögurra ára. Fjárveiting í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum er að hámarki 8 500 000 evrur á fyrsta ári.

Fjárframlög eru veitt sem styrkir. Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 50 % af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar.

**6. Umsóknarfrestur**

Umsóknir verða að berast á neðangreint pósthfang framkvæmdastofnunar áætlunarinnar (EACEA) eigi síðar en **31. október 2008**:

Education, Audiovisual and Culture Agency (EACEA)

Call for proposals EACEA/23/08 – ‘MEDIA Support for the networking of cinemas screening European films’

Mr. Constantin Daskalakis

BOUR 03/30

Avenue du Bourget 1

B-1140 Bruxelles

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á opinberum umsóknareyðublöðum með undirskrift fulltrúa umsóknarfyrirtækisins, sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þess, og þeim fylgi allar þær upplýsingar og öll þau fylgiskjöl sem tilgreind eru í heildartexta auglýsingarinnar.

Umsóknum, sem sendar eru með símbréfi eða rafpósti, verður vísað frá.

#### **7. Nánari upplýsingar**

Heildartexti þessarar auglýsingar er birtur ásamt umsóknareyðublöðum á eftirfarandi vefslóð:

[http://ec.europa.eu/information\\_society/media/exhibit/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/information_society/media/exhibit/index_en.htm)

Fullnægja ber öllum skilmálum leiðbeininganna og skila umsóknum á til þess gerðum eyðublöðum.

**MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf****2008/EES/57/38****Auglýsing eftir tillögum – EACEA/24/08****Stuðningur við þróun framleiðsluverkefna – Leiknar myndir, skapandi heimildamyndir og teikni- og brúðumyndir – Stök verkefni, verkefnaraðir og 2. stigs verkefnaraðir****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007).

Meðal markmiða áætlunarinnar er að ýta með fjárstuðningi undir þróun framleiðsluverkefna á vegum sjálfstæðra framleiðslufyrirtækja í Evrópu sem eru ætluð evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum og tilheyra flokkunum leikið efni, skapandi heimildamyndir og teikni- og brúðumyndir.

**2. Hlutgengir umsækjendur**

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu sem stuðla með starfsemi sinni að ofangreindum markmiðum, einkum sjálfstæðra framleiðslufyrirtækja.

Umsækjendur verða að koma frá einu eftirtalinna ríkja:

- einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- einu EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES, Sviss eða Króatíu.

**3. Styrkhæf starfsemi**

Styrkhæf er starfsemi sem miðar að þróun eftirtalinna tegunda hljóð- og myndefnis (einstakra verka eða raða):

- Leikinna mynda sem ætlaðar eru til sölu og eru að minnsta kosti 50 mínútur að lengd
- Skapandi heimildamynda sem ætlaðar eru til sölu og eru að minnsta kosti 25 mínútur að lengd (hver þáttur ef um raðir er að ræða),
- Teikni- og brúðumynda sem ætlaðar eru til sölu og eru að minnsta kosti 24 mínútur að lengd

Þróunar- og framleiðslustarfsemi, sem varðar eftirtaldar tegundir efnis, er óstyrkhæf:

- Beinar útsendingar, keppnisleiki í sjónvarpi, spjallþætti, raunveruleikaþætti og fræðslu- og kennsluþætti
- heimildapætti sem gerðir eru til stuðnings ferðapjónustu, þætti um gerð kvikmynda, fréttapætti, dýramyndir, fréttauþtsendingar og leiknar heimildamyndir
- Verkefni sem koma beint eða óbeint á framfæri boðskap sem stríðir gegn stefnumálum Evrópusambandsins; til að mynda verkefni sem kunna að vinna gegn hagsmunum á sviði lýðheilsu (áfengi, tóbak, eiturlyf), mannréttinda, öryggis fólks, tjáningarfrelsis o.s.frv.
- Verkefni sem ýta undir ofbeldi og/eða kynþáttahatur og/eða fela í sér klám
- Efni sem gert er í kynningarskyni
- Efni sem framleitt er á vegum stofnunar til að kynna hana sjálfa eða starfsemi hennar

Úthlutun í tengslum við auglýsinguna EACEA/24/08 fer fram í tveimur áföngum. Í fyrsta áfanga verða teknar til greina styrkumsóknir sem berast framkvæmdastofnuninni frá því að auglýsingin eftir tillögum er birt til 17. nóvember 2008. Í öðrum áfanga verða teknar til greina styrkumsóknir sem berast framkvæmdastofnuninni milli 18. nóvember 2008 og 17. apríl 2009, en það er lokadagur auglýsingarinnar.

Verkefni mega standa lengst til 30. júní 2011 (umsóknir sem berast í fyrsta áfanga) og til 30. nóvember 2011 (umsóknir sem berast í öðrum áfanga) eða þar til framleiðsla hefst í kjölfar verkefnisins, hvort sem ber upp fyrir.

#### 4. Viðmið sem ráða úthlutun

2008/EES/52/18

Gefin verða allt að 100 stig á grundvelli eftirtalinna viðmiða sem hafa mismunandi vægi:

##### *Stök verkefni*

- Viðmið sem tengjast hæfni umsóknarfyrirtækisins (40 stig):
  - Hversu vönduð þróunaráætlunin er (10)
  - Hversu mikil samkvæmni er í fjárhagsáætluninni (10)
  - Hversu vönduð fjármögnunaráætlunin er (10)
  - Hversu vönduð dreifingaráætlunin er (10)
- Viðmið sem tengjast verkefnatillögunni (60 stig):
  - Hversu vandað verkefnið er (40)
  - Framleiðslumöguleikar og hversu vænlegt verkefnið er (10)
  - Möguleikar á dreifingu í Evrópu og á alþjóðavettvangi (10)

##### *Verkefnaraðir og 2. stigs verkefnaraðir*

- Viðmið sem tengjast hæfni umsóknarfyrirtækisins (60 stig):
  - Geta fyrirtækisins til að þróa og framleiða verkefni á Evrópuvettvangi (15 stig þegar um ræðir verkefnaraðir – 30 stig þegar um ræðir 2. stigs verkefnaraðir)
  - Hversu vönduð þróunaráætlunin er og hversu mikil samkvæmni er í fjárhagsáætluninni (15 stig þegar um ræðir verkefnaraðir – 10 stig þegar um ræðir 2. stigs verkefnaraðir)
  - Hversu vönduð fjármögnunaráætlunin er (15 stig þegar um ræðir verkefnaraðir – 10 stig þegar um ræðir 2. stigs verkefnaraðir)
  - Hversu vönduð dreifingaráætlunin er (15 stig þegar um ræðir verkefnaraðir – 10 stig þegar um ræðir 2. stigs verkefnaraðir)
- Viðmið sem tengjast verkefnatillögunum (40 stig):
  - Hversu vönduð verkefni eru (10)
  - Skapandi hæfni í hópnum (10)
  - Framleiðslumöguleikar og hversu vænlegt verkefnið er (10)
  - Möguleikar á dreifingu í Evrópu og á alþjóðavettvangi (10)

#### 5. Fjárveiting

Fjárveiting nemur alls 17 milljónum evra. Fjárframlög eru veitt sem styrkir.

Ekki verða veittir hærri styrkir en EUR 10 000 til EUR 60 000 til stakra verkefna, nema þegar um ræðir teikni- og brúðmyndir í fullri lengd sem ætlaðar eru til sýninga í kvikmyndahúsum, en þá er hámarksstyrkur EUR 80 000. Fjárframlag verður aldrei herra en sem nemur 50 % af styrkhæfum kostnaði samkvæmt upplýsingum framleiðanda (60 % þegar um ræðir verkefni sem geta stuðlað að viðhaldi menningarlegrar fjölbreytni í Evrópu).

Ekki verða veittir hærri styrkir en EUR 70 000 til EUR 190 000 til verkefnaraða og 2. stigs verkefnaraða. Fjárframlag verður aldrei herra en sem nemur 50 % af styrkhæfum kostnaði samkvæmt upplýsingum framleiðanda.

#### 6. Umsóknarfrestur

Umsóknir verða að berast á neðangreint póstfang framkvæmdastofnunar áætlunarinnar (EACEA) og eru umsóknarfrestir **17. nóvember 2008** og **17. apríl 2009** (sjá 3. lið):

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency (EACEA) – MEDIA  
Constantin Daskalakis  
BOUR 3/30  
Avenue du Bourget 1  
B-1140 Bruxelles

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á opinberum umsóknareyðublöðum með undirskrift fulltrúa umsóknarfyrirtækisins, sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þess, og þeim fylgi allar þær upplýsingar og öll þau fylgiskjöl sem tilgreind eru í heildartexta auglýsingarinnar.

Umsóknum, sem sendar eru með símbréfi eða rafpósti, verður vísað frá.

#### **7. Nánari upplýsingar**

Heildartexti þessarar auglýsingar er birtur ásamt umsóknareyðublöðum á eftirfarandi vefslóð:

[http://ec.europa.eu/information\\_society/media/producer/develop/index\\_fr.htm](http://ec.europa.eu/information_society/media/producer/develop/index_fr.htm)

Fullnægja ber öllum skilmálum leiðbeininganna og skila umsóknum á til þess gerðum eyðublöðum.

**MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf****2008/EES/57/39****Auglýsing eftir tillögum – EACEA/25/08****Stuðningur við þróun gagnvirks efnis sem miðlað er á beinlínumiðlum og með öðrum hætti****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007).

Meðal markmiða áætlunarinnar er að yta með fjárstuðningi undir þróun framleiðsluverkefna á vegum sjálfstæðra framleiðslufyrirtækja í Evrópu sem eru ætluð evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum.

**2. Hlutgengir umsækjendur**

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu sem stuðla með starfsemi sinni að ofangreindum markmiðum, einkum sjálfstæðra framleiðslufyrirtækja.

Umsækjendur verða að koma frá einu eftirtalinna ríkja:

- einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- einu EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES, Sviss eða Króatíu.

**3. Styrkhæf starfsemi**

Styrkhæf er starfsemi sem varðar eftirtaldar tegundir gagnvirks efnis:

- Gagnvirkt efni fyrir tölvur, lýðnet, farsíma og leikjatölvur (handtölvur og aðrar) sem byggist að verulegu leyti á gagnvirkni, sviðsetningu og nýsköpun
- Nýjar tegundir efnis fyrir stafrænt sjónvarp, lýðnet eða fartæki þar sem gagnvirkni og frásögn eru lykilatriði

Verkefni verða í öllum tilvikum að vera ætluð til sölu.

Efni, sem byggist ekki á virkri þátttöku notandans, telst ekki gagnvirkt.

Eftirtalin starfsemi er óstyrkhæf:

Þróunar- og framleiðslustarfsemi, sem varðar eftirtaldar tegundir efnis, er óstyrkhæf:

- Uppflettiverk (alfræðibækur, kortabækur, skrár, gagnagrunna ...)
- Kennsluefni (fræðsluþætti, handbækur ...)
- Tækja- og hugbúnaðarþjónusta
- Upplýsingaveitur og hrein samskiptaþjónusta
- Upplýsingaþættir
- Verkefni til stuðnings ferðaþjónustu
- Verkefni á sviði fjölmiðlunarlistar
- Verkefni sem koma beint eða óbeint á framfæri boðskap sem stríðir gegn stefnumálum Evrópusambandsins; til að mynda er óheimilt að styrkja verkefni sem kunna að vinna gegn hagsmunum á sviði lýðheilsu (áfengi, tóbak, eiturlyf), mannréttinda, öryggis fólks, tjáningarfrelsis o.s.frv.
- Verkefni sem yta undir ofbeldi og/eða kynþáttahatur og/eða fela í sér klám
- Efni sem er dreift í auglýsingaskyni (einkum ef vörumerki koma við sögu)
- Efni sem framleitt er á vegum stofnunar til að kynna hana sjálfa eða starfsemi hennar

Úthlutun í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum fer fram í tveimur áföngum. Í fyrsta áfanga verða teknar til greina styrkumsóknir sem berast framkvæmdastofnuninni frá því að auglýsingin eftir tillögum er birt til 17. nóvember 2008. Í öðrum áfanga verða teknar til greina styrkumsóknir sem berast framkvæmdastofnuninni milli 18. nóvember 2008 og 17. apríl 2009, en það er lokadagur auglýsingarinnar.

Verkefni mega standa lengst til 30. júní 2011 (umsóknir sem berast í fyrsta áfanga) og til 30. nóvember 2011 (umsóknir sem berast í öðrum áfanga) eða þar til framleiðsla hefst í kjölfar verkefnisins, hvort sem ber upp fyrir.

#### 4. Viðmið sem ráða úthlutun

Gefin verða allt að 100 stig á grundvelli eftirtalinna viðmiða sem hafa mismunandi vægi:

- Viðmið sem tengjast hæfni umsóknarfyrirtækisins (40 stig):
  - Hversu vönduð þróunaráætlunin er (10)
  - Hversu mikil samkvæmni er í fjárhagsáætluninni (10)
  - Geta fyrirtækisins til að koma verkefninu í framkvæmd (10)
  - Hversu vönduð fjármögnunaráætlunin er (10)
- Viðmið sem tengjast verkefnatillögum (60 stig):
  - Efnisvöndun og hugmyndafrumleiki í samanburði við eldra efni (20)
  - Frumleiki og nýsköpun sem fylgin er í tækninni sem notuð er (20)
  - Möguleikar á nýtingu á Evrópuvettvangi (20)

#### 5. Fjárveiting

Fjárveiting nemur alls 2,5 milljónum evra. Fjárframlög eru veitt sem styrkir.

Ekki verða veittir hærri styrkir en EUR 10 000 til EUR 60 000, nema í tengslum við þróun frumgerða að leikjum fyrir leikjatölvur, leikjasmátölvur og einkatölvur, en þá er hámarksstyrkur EUR 100 000.

Fjárframlag verður aldrei hærri en sem nemur 50 % af styrkhæfum kostnaði samkvæmt upplýsingum framleiðanda (60 % þegar um ræðir verkefni sem geta stuðlað að viðhaldi menningarlegrar fjölbreytni í Evrópu).

#### 6. Umsóknarfrestur

Umsóknir verða að berast á neðangreint póstfang framkvæmdastofnunar áætlunarinnar (EACEA) og eru umsóknarfrestir **17. nóvember 2008** og **17. apríl 2009** (sjá 3. lið):

Executive Agency Education, Audiovisual and Culture (EACEA) – MEDIA  
Constantin Daskalakis  
BOUR 3/30  
Avenue du Bourget 1  
B-1140 Bruxelles

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á opinberum umsóknareyðublöðum með undirskrift fulltrúa umsóknarfyrirtækisins, sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þess, og þeim fylgi allar þær upplýsingar og öll þau fylgiskjöl sem tilgreind eru í heildartexta auglýsingarinnar.

Umsóknum, sem sendar eru með símbrefi eða rafpósti, verður vísað frá.

#### 7. Nánari upplýsingar

Heildartexti þessarar auglýsingar er birtur ásamt umsóknareyðublöðum á eftirfarandi vefslóð:

[http://ec.europa.eu/information\\_society/media/producer/develop/index\\_fr.htm](http://ec.europa.eu/information_society/media/producer/develop/index_fr.htm)

Fullnægja ber öllum skilmálum leiðbeininganna og skila umsóknum á til þess gerðum eyðublöðum.